Tónlistarhátíð í Kópavogskirkju

TÓNLISTARHÁTÍÐ á vegum Kársnessóknar hófst í Kópavogskirkju sl. mánudag. Fjölbreytt tónleikahald verður í kirkjunni alla daga vikunnar fram til sunnudagsins 25. apríl nk.

Í dag, sumardaginn fyrsta, verða tvennir tónleikar í Kópavogskirkju. Kl. 17 koma fram um tvö hundruð grunnskólanemendur úr sókninni í *Skólakór Kársness, Stóra kór* og *Litla kór,* undir stjórn Þórunnar Björnsdóttur. Undirleikari verður Marteinn H. Friðriksson.

Klukkan 20.00 verður í kirkjunni samsöngur *Hljómkórsins* en það er *nýr sönghópur úrvals söngvara* sem einkum starfa við kirkjulegar athafnir. Stjórnandi og undirleikari að þessu sinni verður Stefán R. Gíslason. Á tónleikunum verður einnig upplestur í umsjá Valdimars Lárussonar leikara.

Á föstudagskvöldið kl. 20 heldur *Kirkjukór Kópavogskirkju,* undir stjórn Stefáns R. Gíslasonar, tónleika í kirkjunni. Sungin verða veraldleg *og andleg lög. Fyrri hluti tónleikanna* samanstendur af lögum eftir Guðmund Gilsson, Sigvalda Kaldalóns, Jón Nordal, Eyþór Stefánsson. George Stebbins, Karl Clausen og Felix Mendelssohn. Eftir hlé syngur kórinn hina frægu þýsku messu eftir Franz Schubert. Einsöngvari með kórnum verður Eiríkur Hreinn Helgason og undirleikari Reynir Jónasson.

Þessir tónleikar verða endurteknir sunnudaginn 25. apríl kl. 17.

Laugardaginn 24. apríl kl. 16 verður samsöngur *Samkórs Kópavogs* undir stjórn Stefáns Guðmundssonar. Sungin verða íslensk lög, sænsk, rússnesk, norsk og þýsk. Einsöngvarar eru Katrín Sigurðardóttir, sópran, og Tómas Tómasson, bariton. Undirleik annast Ólafur Vignir Albertsson.

Tónlistarhátíð í Kópavogskirkju lýkur á sunnudaginn 25. apríl kl. 17 með því að endurteknir verða tónleikar *Kirkjukórs Kópavogskirkju* frá föstudeginum 23. apríl.

Aðgangur er ókeypis á alla tónleikana og allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.


Í frétt blaðsins í gær féll niður hluti þess, sem hér hefur verið skýrt frá. Beðist er velvirðingar á því.




Svava Björnsdóttir



Daði Guðbjörnsson



Sæmundur Valdimarsson



Linda Vilhjálmsdóttir

Fjórar sýningar á Kjarvalsstöðum

Ljóð, mynd og skúlptúr

Í AUSTURSAL Kjarvalsstaða verður opnuð nk. laugardag, 24. apríl, sýning á verkum eftir Svövu Björnsdóttur. Á sýningunni eru pappírsskúlptúrar sem unnir eru á undanförnum árum.

Svava er fædd í Reykjavík árið 1952 og nam myndlist við École Nationale Supérieure des Beaux Arts í París og Akademie der Bildende Kunste í München. Svava hefur hlotið margvíslegar viðurkenningar fyrir list sína bæði hér heima og erlendis, m.a. hlaut hún fagurlistaverðlaun Münchenborgar 1985 og 1990 var Svava útnefnd Borgarlistamaður Reykjavíkur.

Hún hefur haldið margar einkasýningar á Íslandi og í Evrópu og tekið þátt í samsýningum víða um heim.

Daði Guðbjörnsson

24. apríl verður opnuð í Vestursal Kjarvalsstaða sýning á verkum Daða Guðbjörnssonar. Á sýningunni verða málverk frá undanförnum árum.

Daði fæddist í Reykjavík 1954 og nam við Myndlistar- og handíðaskóla Íslands 1976–1980 og við Rijksakademi van Beldende Kunsten í Amsterdam 1983–1984.

Daði hefur haldið meir en 20 einkasýningar hér heima og erlendis og einnig tekið þátt í fjölmörgum samsýningum.

Jafnframt sýningunni hefur verið gefin út vönduð sýningarskrá með inngangi eftir Gunnar J. Árnason, listfræðing.

Sæmundur Valdimarsson

24. apríl verður opnuð á Kjarvalsstöðum sýning á höggmyndum eftir Sæmund Valdimarsson.

Sæmundur fæddist árið 1918 að Krossi á Barðaströnd, en fluttist árið 1948 til Reykjavíkur.

Sæmundur vann vaktavinnu í Áburðaverksmiðjunni í Gufunesi, en hefur síðan 1988 eingöngu unnið að listsköpun sinni. Fyrstu verk Sæmundar voru sýnd í Gallerí SÚM 1974 og fyrstu einkasýningu sína hélt hann 1983 og eru einkasýningar hans nú orðnar 11 talsins, þar af ein í Osló 1989.

Verk Sæmundar hafa vakið athygli bæði innlendra og erlendra listunnenda og um þau hefur verið skrifað í blöðum og virtum tímaritum.

Linda Vilhjálmsdóttir

Sýning á ljóðum eftir Lindu Vilhjálmsdóttur verður opnuð á Kjarvalsstöðum, laugardaginn 24. apríl.

Linda Vilhjálmsdóttir, fædd 1958, birti fyrstu ljóð sín á síðasta áratug og hafa komið út tvær ljóðabækur frá hennar hendi: hin fyrri, Bláþráður 1990, og Klakabörnin 1992.

Náttúrulýsingar og sviðsmyndir í ljóðum Lindu eru oftast litríkar og gjarnan með ýkjum og ævintýrabrag. Mannfólkinu er oftið inn í náttúrufyrirbærin þannig að úr verður yfirnáttúruleg tilverumynd.

Í mörgum ljóðum fjallar Linda um samskipti fólks og þá ekki síst ástina. Form ljóðanna er margvíslegt, oftast knappt en nokkur þeirra eru prósaljóð og Linda er eitt þeirra fáu ungu skálda sem bregða fyrir sig háttbundnum brageinkennum. Myndmál hennar er oft líflegt og með ferskleikablæ; táknmyndir og orðfæri í ljóðunum vísa stundum til bókmennta og sögu fyrri tíma.

Jörvagleði í Dölum

Búðardalur.

JÖRVAGLEÐI Dalamanna verður haldin dagana 22.–25. apríl. Þessi hátíð mun vera sú 9. í röðinni. Hin forna Jörvagleði er í minnum höfð sem mikil gleði þó oft að endemum. Jörvagleði hin nýja er hins vegar mikil menningarhátíð þar sem Dalamenn leggja sig fram um að kynna það sem er að gerast í menningarlífi heima og í héraði.

Jörvagleðin hefst í dag, fimmtudaginn 22. apríl, með messu í Garðaholtskirkju þar sem sr. Ingiberg Hannesson prófastur predikar en sr. Jens H. Níelssen þjónar fyrir altari.

Á Jörvagleðinni koma fram bæði gestir og heimamenn. Opnuð verður sýning á fimmtudaginn í Grunnskóla Búðardals á listaverkum sem verða grunnur að Listasafni Dalasýslu. Listaverkin eru öll eftir listamenn sem á einhvern hátt tengjast Dölunum og hafa þeir ákveðið að gefa Listasafninu verkin. Einnig verður sýning á gömlum ljósmyndum frá feðgunum Jóni Guðmundssyni og Guðmundi Jónssyni frá Ljárskógum. Ingibjörg Guðjónsdóttir frá Akranesi mun sýna muni gerða með bútasaumi. Á vegum Þjóðskjalasafnins verða sýnd gömul skjöl úr Dalasýslu.

Tónlist og leiklist

Tónlistarflutningur er á fimmtudagskvöldið og þá syngur Þorrakórinn undir stjórn Halldórs Þórðarson og harmonikufélagið Nikulína leikur. Einnig leika nemendur úr Tónlistarskóla Dalasýslu og stúlknakór Laugarskóla syngur undir stjórn Björns D. Guðmundssonar.

Á fimmtudagskvöldið verður dagskrá um skáldið Jón frá Ljárskógum og Björn Guðmundsson mun fara með lausavísur.

Leikfélag Ólafsvíkur verður með leiksýningu á föstudagskvöldið og sýnir gaman- og spennuleikinn Frú Alvís eftir Jack Poppelwell. Leikstjóri er Ragnhildur Steingrímsdóttir. Á föstudaginn verður unglingadansleikur í Dalabúð þar sem hljómsveitin frá Varmalandi leikur.

Á laugardaginn verður skákkeppni milli heimamanna og burtfluttra Dalamanna og síðan kvöldskemmtun um kvöldið í Dalabúð. Á fyrri skemmtun mun Árni Björnsson flytja sveitakynningu um Laxárdalshrepp. En það hefur verið venja á Jörvagleði að kynna einn hrepp í sýslunni. Karlakór Keflavíkur heldur söngskemmtun og síðan er stór dansleikur með hljómsveitinni Upplyftingu.

Sú nýbreytni er í þessari Jörvagleði að fenginn var gestakokkur sem matreiðir ljúffenga rétti úr heimafengnu hráefni m.a. sjávarréttum úr Hvammsfirði.

Formaður Jörvagleðinefndar er Trausti Bjarnason. Jörvagleðinni lýkur formlega á laugardagskvöld en á sunnudaginn verða kvikmyndasýning í Dalabúð og hraðskákmót í Afurðastöðinni í Búðardal.

- Kristjana.

Innbrot í 4 verslanir

TUTTUGU og fimm ára gamall maður var handtekinn þegar hann reyndi að brjótast inn í matvöruverslun við Baldursgötu snemma á þriðjudagsmorgun. Þá um nóttina höfðu verið framin þrjú innbrot í verslanir við nálægar götur en ekki lá fyrir í gær hvort maður þessi, sem er að sögn lögreglu þekktur innbrotsþjófur, bar ábyrgð á þeim.

Víðar voru framin innbrot í fyrrinótt, m.a. var tíu áfengisflöskum stolið úr veitingahúsinu Feita dvergnum.

Hrísmóar – Garðabær – endaíbúð – gott útsýni

Afar vönduð og falleg 153 fm íbúð í litlu fjölbýli ásamt bílskúr. Hátt til lofts. 40 fm sjónvarpsloft. Fallegur viðarstigi. Íbúðin er að stórum hluta viðarklædd. Parket og flísar. Arinstæði. Vandaðar innréttingar. Tvennar svalir. Áhv. 2,4 millj. Hagstætt verð. Einkasala. 4101.

Hæðargarður

Vorum að fá í sölu óvenju glæsilega 114 fm íbúð í nýlegu fallegu húsi við Hæðargarð. Sérinngangur. Íbúðin er með óvenju vönduðum innréttingum og öll hin glæsilegasta. Arinstæði í stofu. 2622.

Langamýri – Garðabæ

Stórglæsilegt áhugavert endaraðhús á þremur hæðum. Alls 306 fm. Vandaðar innréttingar. 4 svefnherb. Parket. Innbyggður tvöfaldur bílskúr. Einnig góð 2ja herb. íbúð á jarðhæð. Áhv. veðdeild 5,0 millj. og lífeyrissjóður 2,5 millj. Allt sér. Eign í sérflokki. Laus fljótlega. 6165.

FASTEIGNA MIÐSTÖÐIN
62·20·30
SKIPHOLTI 50B – 105 REYKJAVÍK
SÍMI 622030 – SÍMBRÉF 622290

21150-21370 LÁRUS Þ. VALDIMARSSON FRAMKVÆMDASTJÓRI
KRISTINN SIGURJÓNSSON, HRL. LÖGGILTUR FASTEIGNASALI

Til sýnis og sölu meðal annarra eigna:

Ný endurbyggð – vinsæll staður

4ra herb. glæsileg íbúð á 3. hæð 86 fm nettó við Álftamýri. **Nýtt** eldhús. **Nýtt** bað. **Nýtt** gler. **Nýl.** gólfefni. Góðir ofnar, Danfoss-kerfi. Bílskréttur. Losun samkomulag.

Í suðurenda við Hjarðarhaga

Glæsileg 4ra herb. íbúð 108 fm nettó í kjallara. **Sérhiti.** 3 svefnherb., innb. skápar. **Nýtt** parket. **Ágæt** sameign. Langtímalán **kr. 4 millj.**

Lítið raðhús í Mosfellsbæ

Glæsilegt sérbýli við Brattholt í Mosfellsbæ. Raðhús í suðurenda um 65 × 2 fm með rúmg. 3ja herb. íb. á hæð og í kj. **Ágæt** innr. Sólverönd. Trjágarður. Skipti **æskileg** á 3ja–4ra herb. íb. á 1. hæð í borginni.

Skammt frá Menntask. í Hamrahlíð

Glæsileg endurbyggð sérhæð með góðum bílskúr. 3 svefnherb. og bað í svefnálmu. Forstofuherb. með sérsnyrtingu. Stórt geymslu- og föndurherb. í kj. **Góður** bílskúr. **Ágæt** sameign.

Í vesturenda á 1. hæð

4ra herb. íbúð um 100 fm við Stóragerði. **Nýl.** eldhúsinnr. **Sérhiti.** Tvennar svalir. **Mikil** og góð lán. Tilboð **óskast.**

Með miklu útsýni – laus nú þegar

3ja herb. stór og góð íbúð við Fellsmúla. **Sérhiti.** Rúmgóðar **sólsvalir.** Vel með farin sameign.

Í Vogum eða nágrenni

óskast til kaups einbýlishús eða raðhús með 2–3 svefnherb. **í skiptum** fyrir stærra einbýlishús í hverfinu.

• • •

Opið í dag, sumardaginn fyrsta, frá kl. 10.00–12.00. Gleðilegt sumar, þökkum fyrir veturinn.

ALMENNA FASTEIGNASALAN
LAUGAVEGI 18 SÍMAR 21150 - 21370

Grafarvogur – Vesturfold

Til sölu glæsilegt einbýlishús í Grafarvogi, 210 fm, með tvöföldum bílskúr.
Upplýsingar í símum 676433 og 681144, Þorsteinn.

Þjónustuíbúð Hæðargarði 35

Til sölu glæsileg 2ja herb. 65 fm íbúð á 1. hæð. Innangengt í þjónustumiðstöð. Verð ca 7,5–7,6 millj.
Upplýsingar í símum 45186 og 75894.